

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skaftárhreppur urðun Stjórnarsandur



Dags eftirlits	10.6.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Skaftárhreppur urðun	Eftirlitsmaður	
Heimili	Klausturvegur 15	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480690-2069	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Kristján Jónsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Arnfinnur Baldursson	Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik frá skilyrðum starfsleyfis komu fram við eftirlit en tveimur frávikum af þeim sem komu fram nú eru opin og varða að ekki hefur verið lögð fram rekstrarstöðvunaráætlun um meðferð og förgun úrgangs inn á urðunarstað og að ófrágenginn úrgangur er inn á urðunarstað. Ein ábending er lögð fram.

Frávik voru einnig sett fram um að rekstraraðila ber að halda skrá vegna innra eftirlits rekstraraðila, sem ekki var til staðar og að skiladagur var ekki virtur við skil ársyfirlits sem skila ber árlega til stofnunarinnar. Eftirlitsaðili hefur kallað eftir skráningum og hefur þeim verið skilað sbr. tölvupósti dagsettum 24. júlí 2025 og er því þeim frávikum lokað.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með vettvangsheimsókn á urðunarstað Skaftárhrepps við Stjórnarsand í samræmi við ákvæði 57. gr. rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarnæfirlit. Starfsleyfi rekstraraðila var upphaflega gefið út 27. nóvember 2013 en síðasta breyting á starfsleyfi var gerð þann 20. ágúst 2020. Gildistími starfsleyfis er til 27. nóvember 2029.

Umfang boðaðs eftirlits var:

- 1) Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- 2) Farið yfir starfsleyfið
- 3) Eftirlitsmælingar og skráningar
- 4) Áætlanir og viðbrögð
- 5) Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- 6) Kynning á meðfylgjandi gögnum
- 7) Önnur mál
- 8) Skoðunarferð á urðunarstað
- 9) Umgengni og aðkoma lóðar

Víkja þurfti frá boðaðri dagskrá eftirlits þar sem tengiliður rekstraraðila var ekki viðstaddur eftirlit. Rekstraraðili sendi starfsmann á svæðið í sínu umboði og farið var inn á urðunarstað í vettvangsskoðun. Áréttað er að tengiliður starfsleyfis er sérstakur fulltrúi rekstraraðila og ber ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits, t.d. með mengunarnæfirlitum, framkvæmd áætlana, úrbóta o.s.fr..

Eftir eftirlit voru kallaðar fram frekari upplýsingar fyrir eftirlitið. Rekstraraðili var einnig beðinn um að kynna sér fylgiskjöl sem fylgdu fundarboði eftirlits, eitt varðaði breytingar á fyrirkomulagi eftirlits hjá Umhverfis- og orkustofnun og annað varðaði leiðbeiningar um olíuskiljur.

Við síðasta eftirlit árið 2024 voru sett fram fjögur frávik, vörðuðu þau m.a. að farið var fram úr heimildum á magni timburs sem geymt var inn á urðunarstað. Við eftirlit nú er ljóst að verulega hefur dregið úr því magni. Það sem eftir stendur er talsvert magn af blönduðum úrgangi, þó helst timbur. Klára þarf frágang á úrganginum og ráðstafa eftir því hvað þarf að urða og hvað hægt er að koma í endurvinnslu.

Annað eldra frávik var sett vegna þess að rekstraraðili hafði ekki framkvæmt vöktunarmælingar sbr. starfsleyfi. Vöktunarmælingum hefur verið komið á í samræmi við starfsleyfi og skilað. Ekki eru gerðar athugasemdir vegna niðurstaðna vöktunar.

Ekki var tekið á móti neinum úrgangi á Stjórnarsandi árið 2024 og hefur ekki verið tekið á móti úrgangi þar síðan 1. nóvember 2023. Rekstraraðili áætla að klára frágang inn á staðnum í samráði við ráðgjafaaðila og verður

urðunarstaðnum svo í framhaldi af því lokað.

Úrbótum vegna skráninga og skila ársyfirlits vegna starfsleyfis hefur hins vegar ekki verið fylgt eftir en þeim ber að skila þó starfsemin sé í lágmarki. Frávik voru sett fram þar sem að skráningar lágu ekki fyrir vegna undangengis árs og var þeim einnig ekki skilað innan tilskilins tímafrests, á það einnig við nú vegna skila fyrir árið 2024 og því er það frávik.

Rekstraraðili hefur verið upplýstur um rg. nr. 990/2008 um útstreymisbókhald og áhrif þeirra breytinga á skil frá rekstraraðila.

Niðurstaða áhættumats til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit setur urðunarstaðinn í flokk B, með viðmið um árlegt eftirlit.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 1.5 í starfsleyfi:	Þegar rekstri er hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Leggja skal fram áætlun um meðferð og förgun úrgangs yfir þann tíma sem urðunarstaðurinn er ekki í notkun sbr. gr. 1.7, taka þarf út frágang að því loknu.
gr. 2.1 í starfsleyfi:	Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu, ófrágenginn úrgangur er til staðar inn á urðunarstað. Geymsla úrgangs skal fara eftir ákvæði 2.8 í starfsleyfi og daglegur frágangur urðunarreina eftir 4.3 í starfsleyfi.
gr. 5.1 í starfsleyfi:	Rekstraraðila ber að halda skrá yfir upplýsingar um eftirfarandi atriði sbr. starfsleyfi úr innra eftirliti rekstraraðila. Tölul. 1, 2 og 4 vegna ársins 2024 var ekki skilað. Ef skráningar eiga ekki við ber að skila núllskráningum eða upplýsingum um hvers vegna skráningar eiga ekki við út frá stöðu reksturs.
gr. 5.3 í starfsleyfi:	Rekstraraðili skal senda Umhverfis- og orkustofnun niðurstöðu skráninga, sbr. gr. 5.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um Umhverfisupplýsingar eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður. Ársyfirliti ársins 2024 var ekki skilað fyrir 1. maí sl.

ÁBENDINGAR

Ef rekstraraðili ætlar að loka urðunarstaðnum endanlega skal fara eftir gr. 1.8 og 4.5 í starfsleyfi varðandi lokunaráætlun og sækja um niðurfellingu starfsleyfis inn á þjónustugátt Umhverfisstofnunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,


Halla Margrét Viðarsdóttir